

Námsgrein: Íslenska

5.bekkur

Tíma fjöldi á viku: 3 klst og að auki reglulegar lestrarstundir

Kennarar: Berglind Pétursdóttir og Sýlvía Smáradóttir

Skipulag: Áhersla er lögð á lestur, lesskiling og málfræði. Bókmenntir, ritun, talað mál og hlustun er tekið fyrir í lotum eftir því sem við á.

Námsefni: Málrækt 1, Smellur 1, Orðspor 1 og ýtarefni þar sem við á bæði sem er fundið til eða útbúið af kennara.

Kennsluaðferðir: Innlagnir, samvinna nemenda, einstaklingsvinna, námsleikir o.fl. Að auki fellur íslenska undir samþættingu í ýmsum öðrum námsgreinum sem nemendur eru í.

Námsmat: Símat í kennslustundum, fjölbreytt verkefni sem eru bæði unnin einstaklingslega eða einn eða fleiri saman eftir því sem við á.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar :
Læsi	Nemendur nái sem bestri færni í lestri og ritun.
Sjálfbærni	Nemendur takist á við ýmis álitamál og ágreiningsmál í lesnum textum.
Heilbrigði og velferð	Jákvætt andrúmsloft skapað til íslenskunnar þannig að öllum líði vel við vinnuna.
Lýðræði og mannréttindi	Réttur allra er virtur og teknar lýðræðislegar ákvarðanir auk þess sem tekið er tillit til áhuga nemenda. Nemendur eru þá hvattir til gagnrýnnar hugsunar við lestur og verkefnavinnu.
Jafnrétti	Nemendur fái verkefni við hæfi hvers og eins. Unnið að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti.
Sköpun	Nemendur hvattir til að gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en þeir hafa áður gert og miðla til annarra. Umræður um ólíka texta verði til þess að nemendur myndi sér sjálfstæðar skoðanir. Ritunarverkefni og hópaverkefni verði markvisst notuð með sköpunarferli í huga, s.s. þemaverkefni

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Málfræði: - Nafnorð - Sagnorð - Lýsingarorð	Málrækt 1 Ítarefni tekið saman af kennara	Nemandi geti: - áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, nafnorð og lýsingarorð, greint hlutverk og helstu einkenni þeirra. - beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins. - gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu. - gert sér grein fyrir samsetningu orða og þjálfist í orðamyndun.	Fjölbreytt námsmatsverkefni: - Orðarún - Málfræðikannanir - Samvinnuverkefni - Einstaklingsverkefni - Skapandi verkefni - Munnleg verkefni - Skrifleg verkefni - Sjálfsmat. - Lesfimiþróf - Skapandi verkefni - Munnleg verkefni - Skrifleg verkefni
Lestur og lesskilningur	Smellur 1 Orðspor 1 Lestrarbækur nemenda Hlustun á lestur Ítarefni tekið saman af kennara	Nemandi geti: - þjálfast í að lesa ólíkan texta og vini með hann á ólíkan hátt - þjálfast í að beyta nákvæmnislestri og leitarlestri - hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum. - lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað. - lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann og nýtt við lausn verkefna - Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.	
Ritun	Orðspor 1 Efni frá kennara	Nemandi geti: - þekkt hugtökin upphaf, atburðarrás og endir - samið stuttar sögur - skrifað stutta útdrætti úr lesnu efni - skráð frásagnir úr eigin lífi	